

Notkunarskilmálar Rafræns Seltjarnarness

1. gr. Inngangur

Eftirfarandi skilmálar kveða á um notkunarreglur þjónustugáttar Seltjarnarness á vef (Rafrænt Seltjarnarnes) og um efni sammings sem notandi annars vegar og Seltjarnarness hins vegar gera um aðgang að Rafrænu Seltjarnarnesi. Heimilt er að veita undanþágu frá skilmálum þessum að fengnu samþykki verkefnisstjóra Rafræns Seltjarnarness og vefstjórnar Seltjarnarness.

2. gr. Notendur

Rafrænt Seltjarnarnes á veraldarvefnum (<https://rafraent.seltjarnarnes.is>) er fyrir alla einstaklinga sem skráðir eru í Þjóðskrá Íslands sem og öll fyrirtæki/félagasamtök sem skráð eru í fyrirtækjaskrá RSK.

3. gr. Þjónusta

Rafrænt Seltjarnarnes veitir aðgang að fjölpætri þjónustu Seltjarnarness á veraldarvefnum og notandi nýtur þeirrar þjónustu sem Rafrænt Seltjarnarnes býður upp á hverju sinni. Eftir atvikum gilda jafnframt aðrir sérskilmálar og sammingsákvæði vegna þeirrar þjónustu sem veitt er í gegnum Rafrænt Seltjarnarnes.

4. gr. Auðkenning

Með því að gerast notandi í Rafrænu Seltjarnarnesi staðfestir viðkomandi að þær upplýsingar sem hann skráir inn séu réttar og skuldbindur sig jafnframt til að uppfæra þær ef þær breytast. Hafi Seltjarnarnes ástæðu til að ætla að upplýsingar séu rangar, ónákvæmar eða á nokkurn hátt ófullnægjandi áskilur Seltjarnarnes sér rétt til að rjúfa aðgang notandans fyrirvaralaust og án tilkynningar.

Seltjarnarnes lætur notanda í té notandanafn og lykilorð til innskráningar í Rafrænt Seltjarnarnes, ásamt hverri þeirri auðkenningu sem öryggiskröfur Seltjarnarness kveða á um á hverjum tíma. Seltjarnarnes áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara, enda sé með því verið að gæta hagsmuna notanda og tryggja ýtrasta öryggi við notkun á Rafrænu Seltjarnarnesi. Notandi samþykkir að hlíta skilmálum Rafræns Seltjarnarness um auðkenningu.

Til þess að fyllsta öryggis sé gætt er nauðsynlegt að notandi breyti úthlutuðu lykilorði við fyrstu innskráningu í Rafrænt Seltjarnarnes og ber notandi ábyrgð á því að slíkt sé gert án tafar eftir að notandi hefur opnað fyrir aðgang að Rafrænu Seltjarnarnesi í fyrsta sinn. Notandi skal halda öllum upplýsingum er varða auðkenningu hans í Rafrænu Seltjarnarnesi leyndum og ber hann ábyrgð á því að slíkar öryggisupplýsingar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Notandi ber ábyrgð á öllum aðgerðum í Rafrænu Seltjarnarnesi sem framkvæmdar eru á grundvelli auðkenningar samkvæmt skilmálum þessum. Verði notandi þess áskynja að óviðkomandi aðili hafa fengið vitneskju um auðkenningu hans skal notandi tafarlaust tilkynna slíkt til Seltjarnarness.

5. gr. Tenging við Rafrænt Seltjarnarnes

Notandi leggur sjálfur til endabúnað og tengingu við veraldarvefinn og þann hugbúnað sem nauðsynlegur er til tengingar við Rafrænt Seltjarnarnes. Notandi ber sjálfur fulla ábyrgð á þeirri aðferð og þeim búnaði sem hann kys að nota til viðskipta í Rafrænu Seltjarnarnesi, þar á meðal að nota ávallt þann vafra og stýrikerfi sem studdur er af framleiðanda hverju sinni og Seltjarnarnes gerir kröfur um. Notanda ber að kynna sér almennar leiðbeiningar og lágmarksviðmið um tölvuöryggi og vírusvarnir á hverjum tíma. Seltjarnarnes áskilur sér rétt til að loka fyrir aðgang notanda ef hugbúnaður notanda er óviðunandi að mati Seltjarnarness.

Notandi veitir Seltjarnarnesi heimild til að skoða tæknilegt umhverfi og tengingar notanda sem og önnur atriði sem tengjast tengingu við Seltjarnarness vegna viðskipta í Rafrænu Seltjarnarnesi. Verði notandi var við villu eða galla við notkun á Rafrænu Seltjarnarnesi skal hann gera Seltjarnarnesi viðvart án tafar.

6. gr. Framkvæmd fyrir mæla

Fyrirmæli um aðgerðir sem berast Seltjarnarnesi utan almenns skrifstofutíma kunna að verða framkvæmd næsta virka dag á eftir. Seltjarnarnes áskilur sér rétt til að rjúfa aðgang að Rafrænu Seltjarnarnesi um stundarsakir án tilkynningar, ef uppfæra þarf skrár, breyta kerfi o.þ.h. Seltjarnarnes mun þó leitast við að tilkynna notanda um aðgangsrof fyrirfram með tilkynningu sem sjáanleg verður í skjámynd Rafræns Seltjarnarness.

Notanda er jafnframt ljóst að aðgangur að Rafrænu Seltjarnarnesi eða upplýsingum um stöðu mála innan hennar kann að verða óaðgengilegur tímabundið vegna álags á viðkomandi tölvu- og viðskiptakerfi.

7. gr. Leiðréttingar

Notandi skuldbindur sig til þess að fylgjast vel með stöðu umsókna sinna ásamt öllum öðrum aðgerðum sem hann framkvæmir og skal gera Seltjarnarnesi samstundis viðvart verði hann þess áskynja að mistök hafi átt sér stað. Seltjarnarnes mun leitast við að aðstoða við leiðréttingar á villum sem notandi gerir, en ber ekki á þeim ábyrgð.

8. gr. Breytingar á skilmálum

Seltjarnarnes áskilur sér rétt til þess að ákvarða einhliða þá þjónustu sem veitt er í gegnum Rafrænt Seltjarnarnes á hverjum tíma. Verði skilmálum þessum breytt skal tilkynna notanda um slíkar breytingar annað hvort skriflega eða með birtingu tilkynningar um breytta skilmála á áberandi hátt í skjámynd Rafræns Seltjarnarness. Sætti notandi sig ekki við breytingar skal hann án ástæðulauss dráttar tilkynna Seltjarnarnesi um uppsögn samnings um Rafrænt Seltjarnarnes, en samningurinn er uppsegjanlegur með 14 daga fyrirvara sbr. 11. gr. skilmála þessara. Að öðrum kosti teljast hinir breyttu skilmálar bindandi.

9. gr. Fyrirvarar

Seltjarnarnes ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við Rafrænt Seltjarnarnes, vafra eða stýrikerfi notanda eða Seltjarnarness, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í Rafrænu Seltjarnarnesi geta ekki farið fram eða

verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri tölvu-, styrkja- og/eða umsóknarkerfa. Seltjarnarnes ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda.

Seltjarnarnes ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila. Seltjarnarnes ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

10. gr. Heimild til upplýsingaöflunar, trúnaður

Með aðgangi sínum að Rafrænu Seltjarnarnesi verður Seltjarnarnesi aðgengilegar persónuupplýsingar um notanda. Notandi heimilar Seltjarnarnesi öflun slíkra upplýsinga og vinnslu. Svo sem lög kveða á um er Seltjarnarnes, starfsmenn hennar og hverjir þeir sem taka að sér verk fyrir borgina bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða einkamálefni notanda, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Seltjarnarnes áskilur sér rétt til að nota þær tengiliðaupplýsingar sem notandi gefur upp við skráningu í Rafrænu Seltjarnarnesi, þ.m.t. símanúmer, heimilisföng og netföng, til þess að hafa samskipti við hann. Slík samskipti munu þó einungis vera tengd þjónustu Seltjarnarness. Þessar tengiliðaupplýsingar munu ekki verða framseldar ótengdum stofnunum eða fyrirtækjum.

11. gr. Uppsögn, vanefndir o.fl.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar. Seltjarnarnes getur sagt upp samningi við notanda með skriflegri tilkynningu.

Verði notandi uppvís að misnotkun, tilraun til misnotkunar á upplýsingum eða tengingum sem Rafrænt Seltjarnarnes býður upp á er Seltjarnarnesi heimilt að rjúfa aðgang notandans fyrirvaralaust og án tilkynningar. Slík misnotkun varðar við lög.

12. gr. Önnur ákvæði

Rísi mál vegna skilmála þessara, eða sammings sem notandi annars vegar og Seltjarnarness hins vegar gera um aðgang að Rafrænu Seltjarnarness, skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

13. gr. Skriflegt og rafrænt samþykki

Með því að staðfesta skilmála þessa samþykkir notandi að rétt auðkenning, í samræmi við ýtrustu öryggiskröfur Seltjarnarness á hverjum tíma, jafngildi skriflegu samþykki notanda gagnvart Seltjarnarnesi.

Ég hef kynnt mér notkunarskilmála Rafræns Seltjarnarness sem skráðir eru hér að ofan, samþykki þá að öllu leyti og skuldbind mig til að nota aðgang minn í samræmi við þá og hlíta þeim í hvívetna.